



Sjálfa með nemendum í Hofi, Akureyri

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ  
í samstarfi við Leikhópinn Smartílab

Vitundavakning um kvíðaröskun nemenda

Verkefnastjóri: Bjarni Snæbjörsson

Skólameistari: Kristinn Þorsteinsson

Númer samnings: UMS-59

Ár: 2018-2019

## Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Markmiðið var að aðlaga leiksýninguna "Fyrirlestur um eitthvað fallett" eftir leikhópinn Smartílab að ungum áhorfendum í samstarfi við ungmennin sjálf í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ. Í upprunalegri umsókn var sótt um að búa til námsefni sem þróað yrði með ungmennunum sem átti að fylgja sýningunni eftir. Í kjölfarið átti svo að sýna nýja aðlagaða sýningu fyrir ungmenni og nota þannig listina til að minnka fordóma og opna einnig á umræðu um geðsjúkdóma og þá sérstaklega kvíða.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Eins og fram kemur í umsókninni varð leiksýningin "*Fyrirlestur um eitthvað fallett*" fyrst til í apríl 2017 og var þá ætluð fyrir almennar sýningar í Tjarnarbíói. Þá voru efnistökin líka almennari til að ná til allra aldurshópa um málefnið. Með því að sýna sýninguna í skólum þá var mikilvægt að sýningin færi í gegnum endurnýjun til að tala beint við heim ungmenna í dag og kvíðann sem þeir upplifa. Leikhópurinn Smartílab hitti því nemendur á lokaári leiklistarbrautar í FG þann 4. mars til að ræða og vinna með umræðuefni sýningarinnar: kvíða. Markmið þeirrar vinnu var fyrir leikhópinn að skilja betur hvernig kvíða ungmenni kljást við í dag til að breyta sýningunni og gera hana hnitmiðaðri. Nemendur voru mjög opnir og berskjölduðu sig mikið í vinnunni. Bæði var unnið með umræður þar sem allir fengu að tjá sig og einnig var farið í spunavinnu og unnið með aðferðir sviðslista. Þó upplifði leikhópurinn að umræðurnar skiluðu miklu og góðu efni.

Í kjölfarið vann leikhópurinn einn áfram að gerð nýrra atriða sem komu beint úr hugarheimi ungmennanna í FG. Mörg atriði voru klippt út úr sýningunni og nokkrum var breytt þannig að þau áttu betur við ungmenni. Þá var einnig fengin til liðs við hópinn ný og nýútskrifuð leikkona og hún lítur út fyrir að geta jafnvel verið á framhaldsskólaaldri. Allt var þetta gert til að aðlaga sýninguna að heimi ungmenna.

Eftir þá vinnu sýndi leikhópurinn 3 sýningar í Tjarnarbíó fyrir alla nemendur í 10. bekk í Kópavogi 11. og 12. mars. Kópavogsbær styrkti þær sýningar. Einnig fékk leikhópurinn styrk frá List fyrir alla til að fara til Akureyrar og sýna í Hofi. Öllum grunnskólum á Norðurlandi milli Húsavíkur og Ólafsfjarðar var boðið að koma og mættu allir nema einn. Alls voru 4 sýningar dagana 20. og 21.

mars fyrir 1.200 ungmenni. Sjá nánar hér á heimasíðu List fyrir alla:

<https://listfyriralla.is/event/fyrirlestur-um-eitthvad-fallegt/>

### Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Helstu frávik sneru fyrst og fremst að því að styrkurinn sem fékkst til verkefnisins var skertur umtalsvert. Upprunaleg umsókn fór fram á 1.550.000 kr. til að standa straum af heildarverkefninu sem var

- Framkvæmd og utanumhald á námsefni og könnunum fyrir nemendur
- Endurgerð leikverks í samstarfi við nemendur leiklistarbrautar í FG
- Tvær sýningar í Tjarnarbíó (leiga á leikhúsi og laun listamanna fyrir sýningar)

Aðeins fékkst kr. 500.000 af styrknum og var sú upphæð eyrnamerkt endurgerð leikverksins í samstarfi við nemendur leiklistarbrautar í FG.

### Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Vegna tímaleysis leikara í sýningunni og einnig vegna þess hversu umsetinn hátíðarsalurinn í FG er vegna kennslu ákvað leikhópurinn í samstarfi við skólameistara FG að sýna sýninguna þar í haust. Að sýna í Tjarnarbíó er kostnaðarsamt og að sýna í FG er því mun betri kostur.

### Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Nemendur í FG nefndu það hversu gefandi spunavinnan var þegar leikhópurinn mætti til að fá hugmyndir að breytingum á sýningunni. Þau töluðu um valdeflingu og þau þeirra sem höfðu raunverulega upplifað kvíða fannst gefandi að taka þátt í vinnunni.

Mikill ávinningur hlaut líka af því að bæði Kópavogsbær og List fyrir alla veittu styrki til sýninga. Sjá næsta lið.

### Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið hefur haft áhrif á skólastarf þeirra skóla sem sáu sýninguna, bæði á nemendur og kennara. Einnig töluðu nemendur í FG sem leikhópurinn vann með um það hversu gefandi vinnan var.

Við gerð þessarar skýrslu fékk leikhópurinn að skoða könnun sem bæði nemendur og starfsmenn sem þeim fylgdu á Norðurlandi tóku þátt í. Þar komu eftirfarandi upplýsingar fram:

Frá nemendum:

81% fannst sýningin frekar eða mjög áhrifamikil.  
86% fannst sýningin frekar eða mjög skemmtileg  
88% fannst sýningin frekar eða mjög fræðandi

#### Frá kennurum / skólastjórnendum:

95% fannst framsetningin efnisins í verkinu nokkuð eða mjög sterk

100% fannst innihald verksins nokkuð eða mjög áhugavert.

- (15.38% nokkuð áhugavert og 84.62 mjög áhugavert)

97,5% fannst fræðslugildið nokkuð eða mjög mikið

92% fannst skemmtanagildið nokkuð eða mjög mikið

100% svarenda fannst verkið henda aldri áhorfenda nokkuð eða mjög vel

Þetta eru frábærar niðurstöður og afgerandi að sýningin féll vel í kramið hjá bæði nemendum og þeim sem starfsmönnum sem fylgdu á sýninguna. Það sem skiptir miklu máli fyrir þetta verkefni er að 100% svarenda hjá kennurum / skólastjórnendum fannst verkið henta aldri áhorfenda nokkuð eða mjög vel. Nemendur voru ekki spurðir þeirrar spurningar. Það eru frábærar niðurstöður og meginmarkmið þess hluta sem lýtur að Sprotasjóði.

Ekki var gerð jafn formleg könnun í Kópavogsbæ eins og List fyrir alla stóð fyrir. Fulltrúi starfsfólks í Kópavogi sagði að nemendur og kennarar hafi verið mjög sáttir við sýninguna. Hann hafði heyrt af því að margir kennarar og starfsmenn félagsmiðstöðva höfðu rætt kvíða áfram við nemendur. Þessi aðili er búinn að vinna mikið í forvarnarstarfi hjá Kópavogsbæ og telur það mjög mikilvægt að nýta listviðburði sem þessa til að gefa nemendum og starfsfólki aukinn skilnin á efni sem þessu.

#### Niðurstöður verkefnisins:

Markmiðið verkefnisins var að gera leiksýninguna *“Fyrirlestur um eitthvað fallegt”* aðgengilegri fyrir unglinga og ungmenni. Það tókst svo sannarlega því allar þær sýningar sem við sýndum (samtafs 7 talsins) voru fyrir fullum sal af unglíngum í í 8.-10. bekk og þau sátu sem fastast allan tíman og fylgdust með og fannst verkið að mestu áhugavert, skemmtilegt eða fræðandi (eins og fram kemur í könnuninni). Markmiðin náðust því vel og sérstaklega sést það í ljósi ánægjunnar á sýningunum sem sýndar voru í Hofi fyrir grunnskóla á Norðurlandi.

Það er líka frábært að styrkurinn frá Sprotasjóði nýttist vel til að undirbúa verkefnið á vegum List fyrir alla og einnig nýttist hann Kópavogsbæ. Allir styrkir gagnast þannig hver öðrum og allir taka þátt í verkefni sem verður dýpra fyrir vikið og í þessu samstarfi felast óvænt andleg auðævi sem ekki verður metið til fjár: upplifun, skemmtun og fræðsla um erfiðan andlegan sjúkdóm sem hrjáir mikið af ungu fólki í dag. Verkefnið fór því miklu lengra en áætlað var í upphafi þar sem aðeins átti að sýna hana fyrir FG og Garðaskóla.

Þegar þetta er skrifað lítur út fyrir að List fyrir alla muni veita hópnum annan styrk til að sýna verkið á fleiri stöðum á landinu í haust. Einnig mun hópurinn sækja um styrk til fleiri sveitarfélaga til að sýna sýninguna.

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið sem sótt var um hjá Sprotasjóði var einskorðað við að endurgera sýninguna ásamt nemendum í FG en þar sem hópurinn fékk einnig styrk frá bæði Kópavogsbæ og List fyrir alla þá hélt verkefnið áfram í öðrum skólum. Í haust eru svo áætlaðar fleiri sýningar í samstarfi við List fyrir alla og einnig verður sóttur styrkur til Garðabæjar til að sýna sýninguna fyrir unglíngastig Garðaskóla.

### Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um


Verkefnið gekk mjög vel og FG og Smartílab eru mjög stolt af útkomunni. Allt þetta er hægt vegna þess að Sprotasjóður lagði verkefninu lið.


Það er mikilvægt að taka eitt fram í ljósi þess að styrkurinn frá Sprotasjóði var skertur. Upprunaleg styrkupp hæð átti að ná yfir gerð námsefnis sem hefði verið sent á móttökuskólana áður en á sýninguna var komið. Þannig hefðu kennara fengið fræðslu og upplýsingar til að bæði undirbúa nemendur fyrir sýninguna og veita henni eftirfylgni með umræðum og verkefnum. En þar sem ekki fékkst styrkur fyrir þeim hluta var ekkert efni sent til skólanna.

Það er áhugavert að í könnuninni sem List fyrir alla lagði fyrir kennara og skólastjórnendur kemur fram að 77% svarenda fannst mikilvægt að viðburðunum sem þessu fylgir undirbúningsefni. 18% tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar. Einnig koma það fram í samtali við fulltrúa starfsmanna Kópavogsbæjar að það vantaði sárlega námsefni til að fylgja eftir fræðslunni sem sýningin bjó yfir til að taka umræðuna lengra.

Það var leitt að ekki var hægt að fá styrk fyrir gerð námsefnis sem hefði verið sent á móttökuskólana áður en sýngin átti sér stað. Þetta hefði dýpkað verkefnið til muna eins og kemur afdráttarlaust fram í bæði könnuninn og í viðtalinu.

Garðabær 30. apríl 2019

  
Undirskrift verkefnastjóra

  
Undirskrift skólastjóra